

## 66. gr.

Kostnaður sá, sem að öðru leyti leiðir af framkvæmd á samþykkt þessari og eigi verður krafinn af einstökum mönnum, greiðist úr bæjarsjóði.

82

## 67. gr.

Mál, sem rísa út af brotum á samþykktinni, skal fara með sem almenn lögreglumál og skulu allar sektir fyrir brot á henni renna í bæjarsjóð.

## 68. gr.

Samþykktin skal birt í B deild Stjórnartíðindanna og þar að auki prentuð sjerstaklega á kostnað bæjarins til útbýtingar meðal allra húsráðenda í kaupstaðnum.

## 69. gr.

Breytingar á samþykktinni og viðauka við hana skal gera á sama hátt, sem hina upprunalegu samþykkt.

## 70. gr.

Lögreglusamþykkt þessi öðlast gildi 1. oktbr. 1900, og fellur frá sama tíma úr gildi lögreglusamþykkt fyrir Akureyrarkaupstað 28. marz 1891.

Reykjavík, 18. septbr. 1900.

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

**Magnús Stephensen.**

*Jón Magnússon.*

## S k ý r s l a

83

um fund amtsráðsins í Suðuramtinu 25.—27. júní 1900.

Ár. 1900, 25. dag júnímán. var aðalfundur amtsráðsins í Suðuramtinu settur og haldinn í Reykjavík af forseta amtsráðsins, amtmanni Julius Havsteen, ásamt amtsráðsmönnum, sýslumanni Guðlaugi Guðmundssyni á Kirkjubæjar-klaustri (úr Vesturskaptafellssýslu), sjera Skúla Skúlasyni í Odda (úr Rangár-vallasýslu), sjera Magnúsi Helgasyni á Torfastöðum (úr Árnessýslu), er mætti sem varaamtsráðsmaður í stað sjera Valdimars prófasts Briems, sem hafði tjáð forföll sín, og prófasti sjera Guðmundi Helgasyni í Reykholti (úr Borgarfjarðar-

83 sýslu). Hinn nýkosni amtsráðsmaður úr Gullbringu- og Kjósarsýslu, hjeraðslæknir Þórður Thóroddsen, hafði tilkynnt forseta forföll sín sem prófdómara á lækna-skólanum, og varaamtsráðsmaðurinn, Þorlákur Guðmundsson í Fífuhvammi, hafði tjáð sjúkdómsforföll sín; var þannig enginn mættur úr sýslu þessari.

Með því að amtsráðsmaðurinn úr Gullbringu- og Kjósarsýslu, verzlunarstjóri Jón Gunnarsson í Keflavík, hafði flutt sig úr sýslunni á síðastliðnu hausti, hafði kosning framfarið á amtsráðsmanni fyrir þann tíma, sem Jón Gunnarsson átti eptir að sitja í amtsráðinu, eða til 31. maí 1904; var ágripsendurrit úr gjörðabók sýslunefndarinnar, viðvikjandi fundarhaldi hennar 20. okt. f. á., framlagt, og í því var sagt, að hjeraðslæknir Þórður Thóroddsen hafi verið kosinn með 6 atkvæðum.

Nú sýnir framlögð útskrift úr gjörðabókinni um nefndan fund, að allir sýslunefndarmennirnir úr sýslunni hafi verið á fundi, eða þá alls 13 með oddvitanum. Eptir þessu varð eigi sjed, hvort kosningin væri lögleg, en amtsráðið samþykkti kosninguna samt sem áður, þar sem enginn efi var á því, að hjeraðslæknirinn hefði hlotið flest atkvæði.

Forseti skýrði frá því, að hann með brjefi, dagsettu 19. febr. þ. á., til sýslumannsins í Skaptafellssýslu, hefði samkvæmt umboði því, sem amtsráðið hefði veitt honum á fundi sínum 30. júní. — 2. júlí 1898, staðfest kosningu Jóns bónda Einarssonar á Hemru, sem varaamtsráðsmanns fyrir Vesturskaptafells-sýslu til 31. maí 1901.

Þessi mál komu til umræðu á fundinum.

1. Forseti lagði fram reikning yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Suðuramtsins fyrir 1899, og var hann falinn amtsráðsmönnunum úr Rangárvallasýslu og Árnessýslu til endurskoðunar.
2. Reikningur yfir tekjur og gjöld búnaðarskólasjóðs Suðuramtsins fyrir 1899, var framlagur og falinn amtsráðsmanninum úr Rangárvallasýslu til endurskoðunar.
3. Reikningur yfir tekjur og gjöld styrktarsjóðs Þjóðjarðalandseta í Suðuramtinu fyrir 1899, sem enn fremur var framlagður, var falinn amtsráðsmanninum úr Árnessýslu til endurskoðunar.
4. Enn fremur lagði forseti fram reikning yfir tekjur og gjöld búnaðarskólans á Hvanneyri eða reikning yfir viðskipti amtsins við búnaðarskólastofnunina 1899—1900, reikning skólastjóra yfir tekjur og gjöld skólabúsins 1899—1900, með tilheyrandi jafnaðarreikningi skólabúsins 31. maí 1900, sjóðsreikningi skólabúsins 1899—1900 og skrá yfir eignir þess 31. maí 1900.

Enn fremur voru framlagðar sjerstakar skýrslur um smjörölu búsins, viðskiptareikningar við kaupmenn og skýrsla um kostnað við aðgjörð á kirkjunni, skólahúsinu og fjárhúsum.

Að endingu voru framlagðir reikningar yfir tekjur og gjöld Hvanneyrar-kirkju fyrir 1898—1899 og 1899—1900.

Allir þessir reikningar voru afhentir amtsráðsmönnunum úr Vesturskaptafellssýslu og Borgarfjarðarsýslu til endurskoðunar.

5. Forseti skýrði frá, hvernig hlutaðeigandi sýslumenn hefðu fullnægt úrskurðum þeim, sem amtsráðið hafði lagt á sýslusjóðs- og sýsluvegsjóðsareikningana fyrir 1898.
6. Þá voru framlagðir sýslusjóðs- og sýsluvegasjóðsreikningarnir úr öllum sýslum amtsins fyrir 1899, sem höfðu verið endurskoðaðir af endurskoðendum sýslunefndanna, og yfirfarnir bæði af þeim og forseta ráðsins. Reikningarnir voru þvínæst úrskurðaðir af ráðinu.
7. Þá voru framlögð og yfirfarin endurrit af gjörðabókum sýslunefndanna.
- A. Úr Vesturskaptafellssýslu frá 1.—2. marz þ. á.
- B. Úr Vestmannaeyjasýslu frá 25. janúar og 9. marz þ. á.
- C. Úr Rangárvallasýslu frá 19. júní 1899 og 9.—11. apríl þ. á.
- D. Úr Arnessýslu frá 18.—21. apríl þ. á.
- Amtsráðið samþykkti, að sýslunefndin í Arnessýslu hefði jafnað niður sem sýslusjóðsgjaldi á yfirstandandi ári 4075 kr., sem fer fram úr því, sem má jafna niður án samþykkis amtsráðsins.
- E. Úr Gullbringu- og Kjósarsýslu frá 26. júní og 20.—21. okt. f. á. og 24.—25. apríl þ. á.
- Niðurlögnunin, 3700 kr., fer fram úr því, sem má jafna niður án samþykkis amtsráðsins, og sem er 2186 kr. 92 a., og samþykkti amtsráðið þessa niðurlögnun, samkvæmt tillögum sýslumannsins í íramlögðu brjefi hans.
- Þess skal getið, að gjaldið til amtssjóðs nemur 1120 kr. 18 a.
- F. Úr Borgarfjardarsýslu frá 19. júní og 5. okt. 1899 og 9.—10. maí þ. á.
- Niðurlögnunin 2017 kr. 31 e., fer fram úr því, sem jafna má niður án samþykkis amtsráðsins, og sem er 1287 kr. 22 a., en þessi hækkun stafar af amtsjafnaðarsjóðsgjaldinu, sem sýslan á að greiða.
- Amtsráðið samþykkti því þessa niðurlögnun, þótt eigi lægi fyrir nein heiðni hjeraðlútandi frá sýslunefndinni.
8. Forseti skýrði frá því, að hann samkvæmt áskorunum beggja amtsráðanna (í Suðuramtinu og Vesturamtinu) hefði skrifað hlutaðeigandi sýslumönnum á tilteknu svæði úr ömtunum 6. og 7. júlí f. á., og lagt þeim fyrir, að láta fjárskóðanir og baðanir framfara til varnar á móti fjárkláðanum, (sbr. Stjórnartíðindi 1899, B, bls. 122 og 138). Samkvæmt þessu hafði sýslumönnum í Mýra og Borgarfjardarsýslu og Dalasýslu verið lagt fyrir, að láta almennar fjárskóðanir framfara að haustinu, þá er fje kæmi af fjalli, og baðanir á öllu fje, sem skyldi lokið fyrir jól; ef kiundur fyndust með kláða, skyldu þær teknar til lækningar og hafðar sjer, en allt fje af þeim heimilum, þar sem kláði fyndist, skyldi álitast sjerstaklega grunsamt og sömuleiðis þeir fjárhópar, sem kláðafje hefði gengið saman við; skyldi slíkt fje haft í stöðugri gæzlu, og undir stöðugu eptirliti, en til tryggingar skyldi baða allt grunad fje aptur, þegar liðnir væru 10 dagar frá hinni fyrri böðun. Svo var leyft að viðhafa tóbakssósuíburð í stað þess að baða fjeð.

Ennfremur var sýslumanninum í Snæfellsness og Hnappadalssýslu

83

skrifað á sömu leið, að því leyti er snertir Kolbeinsstaðahrepp, sýslumanninum í Gullbringu- og Kjósarsýslu, að því er snertir Kjósar-, Kjalarness- og Mostellshreppa, og sýslumanninum í Árnessýslu, að því leyti, er snertir Þingvallasveit.

Að öðru leyti var svo fyrirskipað, að haustskoðanir skyldu framfara í Strandasýslu, Austurbarðastrandarsýslu, Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, Gullbringu- og Kjósarsýslu, Árnessýslu og Reykjavíkur lögsagnarumdæmi, og baðanir í þeim hreppum, þar sem kláða yrði vart.

Forseti skýrði svo frá, að skýrslurnar um árangurinn af hinum fyrirskipuðu ráðstöfunum og um heilbrigðisástand fjárins hefðu eigi komið fram svo snemma, sem ákveðið hefði verið, nema frá einum sýslumanni, en slíkt væri bagalegt, ef svo skyldi atvikast, að nauðsyn væri á því, að gjöra sjerstakar ráðstafanir að vorinu til. Amtsráðið vildi því skora á sýslumenn, að senda frá sjer eptirleiðis slíkar skýrslur til amtmanns innan þess tíma, sem hann tiltæki.

Skýrslurnar voru framlagðar og athugaðar.

Skýrslur þessar sýndu, að langt um minna hefði verið um fjárkláða, en að undanfögnu, og að hann yfirleitt eigi væri meiri, en við væri að búast, úr því hann væri til, en það er ómögulegt að útrýma kláða á fje gjörsamlega, þótt viðleitnin ætti að ganga í þá átt.

Forseti gat þess, að hann eigi hefði gefið út sjerstakar fyrirskipanir gegn fjárkláða á þessu vori, nema fyrir Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, eins og áður er skýrt frá, og 2 hreppa í Strandasýslu, en látið sjer nægja að biðja sýslumenn að hafa nákvæmar gætur á heilbrigðisastandi sauðfjárins, og fara eptir tilsk. 5. jan. 1866, um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi.

Forseti bar því næst undir amtsráðið, hverjar ráðstafanir mundu til-tækilegastar gagnvart fjárkláðanum að haustinu til og framvegis.

Þar sem heilbrigðisástand sauðfjárins þannig hefði reynzt með bezta móti, og minna borði á kláða, en að undanfögnu, vildi amtsráðið leggja það til, að eigi væri farið lengra en að fyrirskipa, að almennar skoðanir skyldu framfara, þegar fje kæmi af fjalli, og lækningar þá viðhafðar og aðskilnaður á sjúku og heilbrigðu fje eptir þörfum; í þeim hreppum, þar sem kláði fyndist, skyldi baða allt fje, eða viðhafa tóbakssósuþurð. Þessar fyrirskipanir skyldu gilda fyrir þær sýslur í báðum ömtunum, sem taldar eru að framan.

9. Forseti lagði þar næst fram skýrslu dýralæknisins, dags. 12. des. 1899, um ferðir hans um nærsveitirnar til þess að bólusetja fje gegn bráðapest. Hafði hann bóluset alls 750 fjár með góðum árangri. Dýralæknir getur þess, að flestir þeir, sem hann kenndi að bólusetja haustið 1898, hefðu fengið hjá sjer bólu-efni, og að margar þúsundir kinda hefðu verið bólu-settar.
10. Forseti skýrði frá því, að um áramótin 1898—99 hefði gengið hrossa-sýki í

Stokkseyrarhreppi (miltisbrandur og einhver önnur veiki), og í byrjun ársins 1899 miltisbrandur á hrossum, nautgripum og kindum í Þingvallasveit. Skýrslur dýralæknis hjer að lútandi voru framlagðar, og skýrt frá þeim ráðstöfunum, sem gjörðar höfðu verið út af þessu.

11. Eptir 6. gr. laga 9. febr. 1900 um horfelli á skepnum o. fl. eiga amtsráðin að semja fyrirmynd fyrir skýrslum skoðunarmanna, sem þar er gjört ráð fyrir. Amtsráðið ályktaði, að nota skyldi þau eyðublöð, sem fyrir hendi væru, undir skýrslur hreppstjóra um fódurbirgðir og ástand búpenings, samkvæmt lögum 26. febr. 1898, um horfelli á skepnum, með breytingu á fyrirsögninni að því leyti, er snertir tilvisun til laganna, sbr. skýrslu um fund amtsráðsins í Suduramtinu 23.—26. júní 1899 (Stj.tíð. 1899, B, bls. 125—126) og skýrslu um fund amtráðsins í Vesturamtinu 10.—12. júní 1899 (Stj.tíð. 1899 B, bls. 141). Þegar ný eyðublöð yrðu prentuð, skyldi tvískipta dálkunum um búpeninginn, þannig, að fyrst yrði tilgreind tala og þar næst ástand. Dálkurinn »Fódurbirgðir« skyldi settur aptur fyrir dálkinn »Búpeningur«, og heita: »Eru fódurbirgðir nógar?«. Kostnaður við prentun eyðublaðanna borgist af jafnaðarsjóði.
12. Forseti lagði fram hinar fyrirskipuðu skýrslur um ástand alþýðustyrktarsjóðanna í hverri sýslu við árslok 1899, en frá byrjun þess árs skyldu sýslumenn taka við umsjón með þessum sjóðum, samkv. lögum 18. des. 1897, um breyting á lögum um styrktarsjóði handa alþýðufólki (11. júlí 1890), sbr. skýrslu um fund amtsráðsins 23.—26. júní 1899 (Stj.tíð 1899, B, bls. 124—125). Amtsráðið yfirför þessar skýrslur, sem það yfirleitt eigi fann neitt að athuga við.

Að því leyti, sem skýrslan úr Rangárvallasýslu sýndi, að nokkrar minni upphæðir stæðu inni hjá hreppstjórum í 5 hreppum sýslunnar, frá þeim tíma, að þeir innheimtu gjaldið, skoraði amtsráðið á sýslumann, að taka þessar upphæðir til sín, og koma þeim á vöxtu á fyrirskipaðan hátt. Hið sama gildir um Borgarfjarðarsýslu, þar sem 13 kr. 92 a. standa inni hjá hreppstjóranum í Lundareykjadalshreppi.

Eptir skýrslu sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu var nú borguð sú upphæð, sem einn maður hafði setið inni með, 159 kr. 50 a., af sjóði eins hreppsins.

13. Eptir 3. gr. nefndra laga, 18. des. 1897, á landshöfðingi að semja reglugjörð eptir tillögum amtsráðanna um úthlutun á helmingnum af hinu árlega gjaldi til sjóðanna og hálfum vöxtum, sbr. 7. gr. laganna 11. júlí 1890, og þar sem nú bráðum væri kominn sá tími, er útbyting mætti framfara eptir nefndri lagagrein, hafði forseti samið frumvarp til slíkrar reglugjörðar, sem amtsráðið fjellst á að mestu leyti, og samdi tillögur sínar til landshöfðingja samkvæmt því.

Enntremur ákvað amtsráðið form fyrir hinum árlegu reikningum sýslumanna yfir tekjur og gjöld sjóðanna og form fyrir skýrslum hreppsnefnda um þá, sem gjaldskyldir eru til alþýðustyrktarsjóðanna.

83 Eyðublöð þessi skyldu kostuð af jafraðarsjóði.

14. Forseti skýrði frá því, að hann með brjefi, dags. 7. ágúst f. á., hefði samþykkt, að sýslunefndin í Borgarfjarðarsýslu mætti taka 2000 króna lán úr landssjóði eða annarstaðar, með svo vægum kjörum, sem unnt væri, annaðhvort upp á sýslusjóð, eða sýsluvegasjóð, eða upp á báða þessa sjóði, til vegagjörða um Leirársveit.

Amtsráðið fjellst á þetta.

15. Forseti skýrði amtsráðinu frá því, að hann með brjefi, dags. 5. jan. þ. á., hefði veitt sýslunefndinni í Gullbringu- og Kjósarsýslu leyfi til að taka 300 króna lán úr landssjóði til 5 ára, upp á sýslusjóð, til vegagjörðar frá Hafnarfirði áleiðis að Görðum. Amtsráðið hafði ekkert hjervið að athuga. Vegur þessi er sýsluvegur, sbr. skýrslu um fund amtsráðsins 30. júní—2. júlí 1898 (Stj.tíð. 1898 B, bls. 148).

16. Forseti skýrði frá því, að hann með brjefi, dags. 20. jan. þ. á., hefði leyft sýslunefndinni í Gullbringu- og Kjósarsýslu að ganga í sjálfsskuldarábyrgð, hreppsnefnd Bessastaðahrepps til handa, fyrir greiðslu kaupverðsins á  $\frac{2}{3}$  þörtum úr jörðinni Skógtjörn á Álptanesi, sem hreppurinn hefði keypt með samþykki sýslunefndarinnar, til þess að koma henni í betri rækt fyrir hlutdeild hreppsins í því fje, sem veitt er í fjárlögunum fyrir 1900—1901. 10. gr. C. 7, en hreppsnefndin skyldi aptur gefa sýslunefndinni 1. veðrjett í jörðinni fyrir upphæð andvirðisins, 1800 kr.

Amtsráðið samþykkti þetta.

17. Nokkrir bændur í Krisuvík höfðu farið þess á leit, að sú breyting yrði gjörð á skipun yfirsetukvennaumdæma í Árnessýslu og Gullbringu- og Kjósarsýslu, að Krisuvík yrði skilin frá 1. yfirsetukvennaumdæmi Árnessýslu (Selvogshreppi með Krisuvík) og sameinuð við 12. umdæmi Gullbringu- og Kjósarsýslu (Grindavíkurhrepp, að undanskilinni Krisuvík); þessi breyting hafði verið rædd og samþykkt af báðum sýslunefndunum, og staðfesti amtsráðið hana. Í brjefi sýslumannsins í Árnessýslu, dags. 27. apríl þ. á., um þetta mál, var svo skýrt frá, að sýslunefndarmaðurinn í Selvogshreppi hefði lýst því yfir á sýslunefndarfundinum, að yfirsetukonan í 1. yfirsetukvennaumdæmi Árnessýslu mundi verða því fegin, að Krisuvík yrði skilin frá umdæmi hennar, svo breytingin getur þegar komizt á, en yfirsetukonan í 12. umdæmi Gullbringu- og Kjósarsýslu hefir þegar áður lýst því yfir, að hún fúslega vildi taka við þessari viðbót við umdæmi sitt.

18. Forseti lagði fram brjef sýslumannsins í Árnessýslu, dags. 26. apríl þ. á., þar sem hann skýrir svo frá, að sýslunefndin hefði lagt það til, að sú breyting yrði gjörð á »Fjallskilareglugjörð fyrir hreppana milli Þjórsár og Hvítár (Ólfusár) í Árnessýslu«, 3. júlí 1895, 61. gr. 7. tölul., að úrgangsfje úr 2. Dælarjett verði selt samdægurs, í stað þess að geymast til síðustu Dælarjettar, og fer hann þess á leit fyrir hönd sýslunefndarinnar, að þessi breyting yrði staðfest af amtsráðinu.

Amtsráðið sá sjer ekki fært, að verða við þessari beiðni, þar sem það

liggur fyrir utan verksvið þess, að semja fjallskilareglugjörðir, og orða breytingar þær, sem sýslunefnd vill gjöra á slíkum reglugjörðum; sýslunefndin á sjálf að semja formlega breyting á reglugjörðinni og leggja þá breyting undir staðfesting og löggilding amtsráðsins.

83

Amtsráðið áleit á hinn bóginn, að ekkert gæti verið því til fyrirstöðu, að sýslumaður skipaði svo fyrir til bráðabirgða, að á komanda hausti skyldi úrgangsfjeð úr 2. Dælarjett sel samdægurs, og mætti svo bera málið upp aptur á næsta sýslunefndarfundi.

19. Forseti lagði fram brjef sýslumannsins í Árnessýslu, dags. 26. apríl þ. á., þar sem hann skýrir frá þeirri ályktun sýslunefndarinnar, að skora á amtsráðið, að heimta tillögur allra sýslunefnda í amtinu um það, hverjar reglur væri heppilegast að setja fyrir rekstrum á sauðfje, og semja síðan, með hliðsjón af tillögum nefndanna, reglugjörð hjer að lútandi, er gilti fyrir allt amtið. Amtsráðið lýsti því yfir, að það hefði eigi heimild til þess, að gefa reglugjörð um þetta efni, enda hefði það á fundi sínum 27.—30. júní 1891 ályktað, að það væri alveg ómögulegt, að setja hagfeldar og framkvæmanlegar ákvarðanir hjerað lútandi, nema með lagaböði.

20. Jafnframt lagði forseti fram brjef sýslumannsins í Skaptafellssýslu, dags. 1. þ. m., og þar með fylgjandi »Reglugjörð um eptirlit með sauðfjárrekstrum yfir Vesturskaptafellssýslu«, sem sýslunefndin þar hafði samið á fundi sínum 1.—2. marz þ. á., til þess amtráðið staðfesti hana og löggilti.

Amtsráðið gat eigi álitid að lagaheimild væri fyrir því, að sýslunefndir sendu slíkar reglugjörðir, og að 39. gr. 2 í tilskipun 4. maí 1872 ætti eigi við hjer. Amtsráðið varð því að synja um hina eptiræsktu staðfestingu.

21. Brjef sýslumannsins í Árnessýslu, dags. 26. apríl þ. á., var og framlagt, þar sem skýrt er frá þeirri ályktun sýslunefndarinnar á fundi hennar 18.—21. apríl þ. á., að skora á amtsráðið, að hlutast til um, að vegurinn frá Svínahraunin niður að Lækjarbotnum yrði sem fyrst varðaður, og sömuleiðis að haldið yrði áfram með að varða Mosfellsheiðarveginn, svo hann yrði allur varðaður byggða á milli.

Amtsráðið ályktaði að beina þessari beiðni til landshöfðingja með meðmælum sínum, eins og það hefði gjört í fyrra, sbr. skýrslu um fund amtsráðsins 23.—26. júní 1899, 15. (Stj.tíð. 1899 B, bls. 126).

22. Sýslunefndin í Árnessýslu hefir ályktað, að beina þeirri áskorun til amtsráðsins, að það vildi hlutast til um það við landshöfðingja, að gjört yrði í sumar við verstu torfærurnar yfir Grindaskörð. Amtsráðið ályktaði að benda sýslunefndinni á, að málaleitan þessi mundi eigi fá áheyrn, nema lægi fyrir áætlun um, hvað kosta mundi að bæta torfærurnar, og beiðni um ákveðna upphæð.

23. Forseti lagði fram brjef sýslumannsins í Árnessýslu, dags. 26. apríl þ. á., þar sem hann skýrir frá því, að sýslunefndin hafi ályktað, að mæla með

83 því, að sæluhússverði á Kolviðarhóli, Guðna Þorbergssyni, verði veittar 150 kr. úr jafnaðarsjóði.

Amtsráðið ályktaði að veita sæluhússverðinum 150 krónur úr jafnaðarsjóði.

24. Sýslunefndin í Rangárvallasýslu hefir lagt það til, að sýsluvegurinn í Landmanna- og Holtahreppi skyldi framvegis liggja frá Gömlu Lækjarbotnum fyrir vestan Holtsmúla og Köldukinn suður Marteinstungusnasir hjá Bjálmholti, og þaðan beina leið á Þjóðveginn, vestanhalt við Moldartungu. Aptur á móti skyldi sýsluvegurinn frá Gömlu Lækjarbotnum að Hjallanesi út að Króki lagður niður.

Amtsráðið samþykkti þetta.

25. Framlagt var brjef sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, dags. 21. maí þ. á., viðvíkjandi tillögum sýslunefndarinnar um, að vegakaffi sá, sem legið hefir frá Selskarði að Brekkuvelli, verði færður þannig, að hann gangi frá Selskarði að Bessastaðagrandu, og verði svo sameinaður hreppavegi þeim, er þar liggur að Bessastöðum og í Norðurnesið.

Amtsráðið samþykkti þessar tillögur.

26. Forseti lagði fram lög fyrir búnaðarfjelag Íslands, eins og þau höfðu verið samþykkt, sbr. skýrslu um fund amtsráðsins í Suðuramtinu 23.—26. júní 1899 (Stj.tíð. 1899, B, bls. 125). Löggin voru samhljóða því frumvarpi, sem amtsráðið hafði fallizt á á fundi sínum 30. júní—2. júlí 1898 (Stj.tíð. 1898, B, bls. 142), að undanteknum nokkrum smábreytingum, sem forseti skýrði ráðinu frá, hverjar væru.

Amtsráðið hafði ekkert við lögina að athuga, eins og þau nú liggja fyrir.

27. Forseti lagði fram brjef Norður- og Austuramtsins, dags. 20. júlí 1899, viðvíkjandi því, hvort tiltækilegt væri, að lengja námstímann við búnaðarskólana í Norður- og Austuramtinu, sbr. skýrslu um fund amtsráðsins í Suðuramtinu, 24.—26. júní 1897 (Stj.tíð. 1897, B, bls. 153); höfðu sýslunefndirnar í Múlasýslunum verið því mótfallnar, að námstíminn yrði lengdur að því leyti, er Eiddaskólann snerti, og amtsráðið í Austuramtinu eigi sjeð sjer fært, að hlutast frekara til um lenging námstímans. Að því leyti, er Hólaskólann snerti, þá hafði amtsráðið í Norðuramtinu eigi treyst sjer til, að hafa námstímann lengri en 2 ár í hinni nýju reglugjörð sinni um skóla þennan. Á hinn bóginn voru bæði amtsráðin á því, að námið á skólunum væri eigi svo fullnægjandi, sem skyldi.

Samkvæmt þessu varð amtsráðið að hverfa frá tilhugsun sinni um að lengja námstímann á Hvanneyrarskólanum að svo komnu.

28. Forseti lagði fram erindi síra Stefáns Stephensens, fyrrum prests að Mosfelli, dags. 2 maí þ. á., en komið í hendur forseta 24. júní þ. á., þar sem hann ber sig upp undan því, að sýslunefndin í Árnessýslu hafi á fundi sínum, 18.—21. apríl þ. á., neitað að endurborga honum kostnað, að upphæð 10 kr., útaf fyrirhöfn hans við að útvega hentugt læknissetur í uppsýsl-

unni, sem sýslunefndin hafði falið honum, án þess að tiltaka nokkurn kostnað, sem af því gæti leitt.

Amtsráðið ályktaði að leita álits sýslunefndar um erindi þetta, og yfirlýsingar hennar um það, hverjar ástæður hún hafi haft til þess að neita sjera Stefáni um endurgjald á kostnaði, sem hann hefir lagt fram til þess að leysa sem bezt af hendi það verk, sem nefndin hafði falið honum að framkvæma.

29. Forseti lagði fram skýrslu um kennsluna á kvennaskólanum í Reykjavík 1899—1900, og um vorprófið þar, og ennfremur reikning yfir tekjur og gjöld skólans frá 1. sept. 1898 til 31. ágúst 1899.

Amtsráðið veitti skólanum 100 króna styrk úr jafnaðarsjóði.

30. Endurskoðendur lögðu fram reikning yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Suðuramtsins 1899, reikning yfir tekjur og gjöld búnaðarskólaskjóðs Suðuramtsins 1899 og reikning yfir tekjur og gjöld styrktarsjóðs verðugra og þurfandi þjóðjarðalandseta og ekkna þeirra í Suðuramntinu 1899.

Reikningarnir voru samþykktir án athugasemda.

31. Forseti lagði fram brjef sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, dags. 22. maí þ. á., þar sem hann skýrir frá því, að sýslunefndin hafi ályktað, að taka allt að því 5000 kr. lán með leyfi amtsráðsins, til þess að fullgjöra jarðabætur þær, sem verið er að vinna í sýslunni, og sem eru skilyrði fyrir því að fá styrk þann útborgaðan, sem veittur er í fjárlögunum 10. gr. C 7, en sýslunefndinni hafði brugðizt sú von, að fá styrk þennan útborgaðan jafnóðum og verkið væri unnið; hins vegar væri nauðsynlegt að hafa fje til taks til þess að útborga verkamönnum jafnóðum og unnið væri, þar sem að eins fátækir mættu vinna að verkinu.

Amtsráðið fól forseta sínum að veita lánið, að fengnum nauðsynlegum upplýsingum um jarðabótavinnu þá, er rædir um í beiðninni, og um það, hvort lán þetta muni geta haft þann tilætlaða árangur, að vinnunni verði lokið, svo að styrkurinn fái útborgaður. Jafnframt áskildi amtsráðið, að styrkurinn yrði notaður til þess að borga lánið jafnskjótt og hann yrði veittur eða útborgaður.

32. Forseti lagði fram aptur reikning yfir tekjur og gjöld búnaðarskólans á Hvanneyri, eða um viðskipti amtsins við búnaðarskólastofnunina 1899—1900, reikninga skólastjóra yfir tekjur og gjöld skólabúsins fyrir 1899—1900 og fl. og kirkjureikningana fyrir 1898—1899 og 1899—1900, eptir að þessir reikningar höfðu verið endurskoðaðir af þeim amtsráðsmönnum, sem þar til höfðu verið kvaddir.

Reikningarnir voru samþykktir án athugasemda.

Ennfremur var framlögð skýrsla skólastjóra um kennslu í skólanum 1899—1900, og framkvæmdir hans í jarðabótastörfum og fl. á skóla-setrinu.

Á skólanum höfðu verið 7 námssveinar að sumrinu, 4 í eldri deild, en 3 í yngri deild, en að vetrinum 3 í eldri deild og 4 í yngri deild. 3 höfðu

83 útskrifast. Framkvæmdir skólans í jarðabótastörfum og húsabótum voru þessar:

a, Sljettaðir í túni 2456 □ fadmar.

b, Grafinn vörzluskurður með garði, á lengd 83 fadmar, meðalbreidd 6 fet og dýpt 2 fet.

c, Grafinn framræsluskurður, á lengd 44 fadmar, breidd að meðaltali  $3\frac{1}{2}$  fet og dýpt 3 fet.

Byggt hafði verið upp, að nokkru til bráðabirgða, fjós, áður tilheyrandi kirkjujörðinni Ásgarði, sem nota hefir orðið fyrir nokkuð af nautgripum skólábúsins hið umliðna skólaár. Í annan stað hefir verið aflað grjóts í fyrirhugað áburðargeymsluhús með geldneytafjósi, og höfðu gengið til þess 200 dagsverk.

Eptir hinum framlögðu reikningum er skólinn í skuld við

amtmanum	1217 kr. 27 a.
en við verzlanið og aðra	824 — 54 —
	til samans 2041 kr. 81 e.

Svo væri eigi enn borgað organ það, er kaupa skyldi handa kirkjunni. Útistandandi skuldir eru 375 kr. 34 a.

Forseti skýrði frá því, að landshöfðingi hefði með brjefi, dags. 6. júlí 1899, samþykkt þá ályktun amtsráðsins, að mega nota eða hafa til taks allt að því 5000 kr. af stofnfrje búnaðarskólasjóðs Suduramtsins, og væri þegar lagt til þarfa skólans 4300 kr. af þessari upphæð, samkvæmt áætlun þeirri, sem amtsráðið hafði samþykkt í fyrra um tekjur og gjöld skólans fyrir 1899—1900.

Forseti lagði þarnæst fram brjef stjórnarnefndarinnar, dags. 26. júní þ. á., og leggur hún þar til, að teknar verði uppi áætlunina um tekjur og gjöld skóla-stofnunarinnar fyrir 1900—1901 þessar upphæðir:

1. Laun aðstoðarkennara	200 kr.
2. Til smíðakennslu	100 —
3. Til bókakaupa handa lærisveinum	60 —
4. Til hjúalauna, verkalauna, dag-launamanna, matvæla og kaupstaðarvarnings	2000 —
	samtals: 2360 kr.

Skólastjóri hefir í framlögðu brjefi, dags. 14. júní þ. á., farið þess á leit, að veittar yrðu 50 kr. í eitt skifti fyrir öll til bókasafns, sem piltar væru að stofna með árlegum samskotum.

Amtsráðið fjellst á þessar tillögur, þó þannig, að upphæðin til hjúakaupa og matvælaakaupa o. s. frv. yrði eigi meiri en 1400 kr., eins og áður hafði verið, þar sem húsabyggingar á Hvanneyri á skólaárinu yrðu eigi eins viðtækar, og menn hefðu hugsað sjer, og samdi með hliðsjón af því, sem sagt er að framan:

## Áætlun

um tekjur og gjöld Hvanneyrarskólans fyrir 1900—1901.

## Tekjur:

1. Landsjóðsstyrkur á árinu 1901 . . . . .	kr. 2500 00	
2. Gjald úr jafnaðarsjóði á árinu 1900, eptir 1. gr. laga 4. júní 1898, um breyting á gjaldheimtum til amtssjóða og sýslusjóða, c. . . . .	— 840 00	
3. Leigutekjur búnaðarskólasjóðsins á áriau 1900 —	500 00	
4. Tillag úr jafnaðarsjóði (af jafnaðarsjóðsgjaldinu fyfir 1900), samkv. ályktun amtsráðsins 1899. . . . .	— 3000 00	
5. Úr innstæðu Búnaðarskólasjóðsins . . . . .	— 2020 00	kr. 8860 00

## Gjöld:

1. Afborganir upp í lán og vaxtagreiðslur		
a, til landssjóðs . . . . .	kr. 1504 00	
b, til landsbankans . . . . .	— 1220 83	
c, til kirkjusjóðs . . . . .	— 140 00	kr. 2864 83
2. Skuldir frá fyrra ári:		
a, við reikningshaldara . . . . .	— 1217 27	
b, við verzlaniir . . . . .	— 508 17	
c, við skólástjóra . . . . .	— 294 47	
d, við aðra . . . . .	— 21 50	— 2041 41
3. Laun skólástjóra 1900—1901 . . . . .	— 1000 00	
4. Laun aðstoðarkennara . . . . .	— 200 00	
5. Til smíðakennslu . . . . .	— 100 00	
6. Til hjúalauna, verkalauna, daglaunamanna, matvæla og kaupstaðarvarnings . . . . .	— 1400 00	
7. Til organs handa Hvanneyrarkirkju, sem eigi enn var keypt . . . . .	— 250 00	
8. Til bókakaupa handa lærisveinum . . . . .	— 60 00	
9. Styrkur til að koma upp bókasafni . . . . .	— 50 00	
10. Önnur útgjöld . . . . .	— 893 76	kr. 8860 00

Amtsráðið ályktaði, að vát tryggja skyldi innanstokks muni (bækur, kennsluáhöld, sængurfatnað, og fl., borðbúnað og fl., búr- og eldhúsgögn, húsgögn og ullarvinnuáhöld), og nautgripi fyrir 5000 kr.

Eins og skýrsla um fund amtsráðsins 23—26. júní 1899 (Stj.tíð. B, 1899 bls. 131) ber með sjer, var gjört ráð fyrir, að eigi yrði hjá því komizt, að byggja geldneytafjós og áburðarhús á skólasetrinu. Um kostnað við byggingu þessa húss og fyrirkomulag þess lá fyrir ítarleg áætlun. Kostnaðurinn er ætlaður, að muni verða 3541 kr. 51 e., en minna en 4000 kr. verður

83

naumast komið af með, þegar tillit yrði tekið til verðhækkunar á járn. Kostnaður þessi skyldi, að fengnu samþykki landshöfðingja, tekinn af stofnfje Búnaðarskólaskólaskólans, sem þá væri orðinn alls um 6000 kr., sem skyldi vera viðlagssjóður skólafundunarinnar, og lýsti amtsrárið því yfir, að fleiri hús en komin væru, yrðu eigi byggð á Hvanneyri, nema með nægilegum styrk annarstaðar að. Forseta var falið að taka bráðabirgðarlán í bankanum eða annarstaðar, að upph. allt að 4000 kr., sem yrði endurborgað á næsta ári, til þessarar húsa-byggingar.

Forseti lagði fram brjef stjórnarnefndarinnar, dags. 19. sept. f. á., þar sem hún stingur uppá, hvort hann eigi vilji bera það brjeflega undir amtsráðsmennina, hvort þeir vilji greiða atkvæði með fjárveitingu til byggingar á skólasetrinu, sem skyldi vera til þess, að kenna í mjólkurmedferð, sjer í lagi smjör-gjörð, og hýsa væntanlega nemendur, eða með lántöku eða hvorutveggju. Um þetta erindi hafði forseti þarnaest leitað umsagnar skólafundar, og var framlagt hjeradlútandi brjef hans, dags. 30. okt. f. á., sem gengur í sömu átt, og brjef stjórnarnefndarinnar. Forseti skýrði frá því, að hann þarnaest hefði borið þetta mál undir stjórnarnefnd Búnaðarfjelags Íslands, í brjefi dags. 14. nóv. f. á., þar sem fjelaginu væri ánöfnuð fjárveiting sú í fjárlögunum 1900—1901, 10. gr. C, 5, sem stjórnarnefnd skólans hafði fyrir augum, þá er hún skrifaði forseta áðurnefnt brjef, enda stæði fjelagið næst til þess, að taka þetta mál upp, eða setja það í hreyfingu; jafnframt hafði forseti beiðzt umsagnar fjelagsstjórnarinnar um það, hvernig hún hefði hugsað sjer, að nota hina umræddu fjárveiting, og yfirlýsingar hennar um, hve mikið fje hún væri tús að leggja fram til þess, að koma á kennslu í mjólkurmedferð á Hvanneyri, fram yfir það, sem gengi til þess að útvega kennara frá Danmörku, eins og gjört væri ráð fyrir í ofannefndri grein fjárlaganna. Svar fjelagsins, dags. 1. febr. þ. á., var framlagt, og lýsti stjórnarnefndin þar yfir, að hún hafi í hyggju að biðja hið danska landbúnaðarfjelag að ráða mann til að kenna hjer á landi mjólkurmedferð, en vegna þess að henni sje það ókunnugt, hvern kostnað það kunni að hafa í för með sjer, treystir nefndin sjer eigi til að leggja fram annan kostnað til nauðsynlegrar húsa-byggingar fyrir kennslu í mjólkurmedferð en þann, sem þyrfti til þess að útvega nákvæma teikningu af húsinu og fyrirsögn um fyrirkomulag þess. Forseti tilkynnti síðan skólafundarnefndinni og skólafundar þessar undirtektir fjelagsins, og framlagði hjeradlútandi brjef sitt, dags. 14. febr. þ. á. Í því brjefi hafði forseti tekið það fram, að hann eigi hefði fundið ástæðu til að bera þetta mál brjeflega undir amtsráðsmennina, þar sem málið undir þeim kringumstæðum, sem fyrir hendi væru, að því leyti, er snertir hinn bágborna fjárhag skólans, væri svo vaxið, að það sjálfsagt yrði að ræðast á fundi, en fyrst þegar það væri rætt þar, gæti hver einstakur amtsráðsmaður afráðið, hvað hann vildi leggja til málsins. Forseti lagði þvínæst fram brjef stjórnarnefndarinnar, dags. 20. júní þ. á., þar sem hún skýrir frá, að stjórn Búnaðarfjelagsins hefði með brjefi, dags. 31. f. m., farið þess á leit, að stjórnarnefndin vildi leggja meðmæli sín með því, að amtsráð Suðuramtsins ljeti koma upp hinu áðurnefnda húsi til mjólkurmedferð-

ferðarkennslu, en fjelagið vill leggja til verkfærin. Stjórnarnefndin vitnar til brjefs síns, 19. sept. f. á., um þetta mál, og leggur það til, að amtsráðið ráðist í, að koma upp nú þegar á þessu ári mjólkurskóla með íbúð handa kennara og nemendum, og ennfremur geldneytafjosi með áburðarhúsi. Sundurliðuð áætlun fylgir um kostnaðinn við bygging hinna síðarnefndu húsa og teikning, en um mjólkurskólann liggur aðeins fyrir áætlun eða ágizkun um, að hann muni kosta um 4000 kr., og lausleg teikning («Rids»), til þess að sýna fyrirkomulag hússins, en búnaðarfjeldagsstjórnin hafði sent amtsráðinu þessa teikning, með brjefi dags. 25. þ. m. Nemendurnir og kennarinn eiga að búa í því, en ekkert er áætlað til rúmfata og annara innanstokksmuna. Búnaðarfjeldagsstjórnin vill að eins leggja til þau áhöld, sem nauðsynleg eru til kennslunnar.

Forseti tók það fram, að alls ekkert fje væri fyrir höndum, til þess að byggja þessi hús, og að útgjöldin fyrir hið byrjada skólaár næmu rúmum 2000 kr. meira en þær tekjur, sem skólastofnunin ætti von á úr landssjóði og jafnaðarsjóði. Ætti að byggja hin umræddu hús, þá þyrfti að grípa til þess, sem væri eptir af Búnaðarskólasjóðnum, c. 12000 kr., en amtsráðið hafði í fyrra látíð í ljós, að þetta fje skyldi vera eins og viðlagasjóður, sem gripið yrði aðeins til, væri bráð nauðsyn fyrir hendi. Forseti skýrði frá, að hann nú hefði handbærar 800 kr. af sjóðnum, og að 800 kr. væri sagt upp til lúkningar nú, en hitt yrði eigi til taks fyrr en í júnígjaldaga 1901, eptir uppsögn á öllum skuldabryfum um sjóðsins. Bygging þessara nýju húsa hefðu í för með sjer aukinn kostnað til viðhalds, og væri þannig ekki útlit fyrir öðru, en að útgjöld mundu aukast ár frá ári. Að leggja þyngra gjald á menn, en komið væri til amtssjóðs, væri í mesta máta ísjárvert. Það fje, sem þyrfti að útvega nú, til þess að fullnægja kröfum skólastofnunarinnar á þessu nýbyrjada skólaári, væri 8860 kr., en áætlunin um tekjurnar næmu eigi meiru en 6840 kr. Húsin ættu að kosta alls 7541 kr. 55 a., svo að þannig þyrfti að útvega 9541 kr. 55 a. aukreitis. Þar að auki lægi alls engin áætlun fyrir um kostnaðinn við mjólkurskóla þennan, sem líka ætti að vera íveruhús handa kennaranum og nemendum, heldur aðeins lausleg ágizkun. Ennfremur væri það tekið fram, að það liti út fyrir, að fjárveitingarvaldið hefði ekki hugsað sjer eða ætlað til, að sjerstakt hús yrði byggt til þessarar kennslu, sbr. orðalagið í 10. gr. C. 5 í fjárlögunum 1900--1901.

Amtsráðið sá sjer ekki fært með nokkru móti að fara lengra, en að koma upp hinu fyrnefnda geldneytafjosi og áburðarhúsi, og vill eigi eyða nálega öllu innstæðufje Búnaðarskólasjóðsins, sem eigi yrði komið hjá, ef byggja ætti mjólkurskólann. Hinn bágborni fjárhagur skólans bannar þannig amtsráðinu, að leggja út í það, að koma upp þessu húsi, og skuldir skólastofnunarinnar eru svo miklar, að frekari lántökur eigi geta átt sjer stað með nokkru móti. Hjervíð bætist, að hin árlegu útgjöld til skólans eru svo mikil, en hinar föstu tekjur svo rýrar, að amtsráðið verður að leggja svo mikið gjald til amtssjóðs á sýslurnar, að frekari gjaldálagning til kostnaðar við húsabyggingu alls eigi getur átt sjer stað. Hjervíð bætist enn það, að sundurliðuð áætlun, sem Búnaðarfjeldagið hafði lofað, liggur eigi fyrir af hálfu Búnaðarfjeldagsins, um kostnað við bygging hússins og

83

fyrirkomulag þess. Amtsráðið getur þannig, því miður, eigi fallizt á tillögu stjórnarnefnarinnar um bygging nefnds mjólkurhúss.

Þá var samið yfirlit yfir efnahag búnaðarskólafundunarinnar í fardögum um 1900.

## Eignir:

1. Hvanneyri, að kirkjunni sjálfri fráskilinni . . . . .	kr. 16000 00	
2. Kirkjan á Hvanneyri.. . . . .	— 3800 00	
3. Hús, önnur en jarðarhús . . . . .	— 22965 00	
4. Lífandi peningur . . . . .	— 5985 00	
5. Jarðyrkjuverkf., heysk.áhöld, reiðskapur m. fl. —	1424 50	
6. Bækur og kennsluáhöld . . . . .	— 279 30	
7. Smíðatól og fl. . . . .	— 197 00	
8. Skip og laxveiðaáhöld . . . . .	— 294 00	
9. Heyfyrningar og búsléifar . . . . .	— 4370 00	
10. Annað lausafje . . . . .	— 2605 35	
11. Útistandandi skuldir . . . . .	— 375 34	
12. Í sjóði hjá skólustjóra . . . . .	— 12 89	
13. Inneign í laudsbankanum . . . . .	— 3 55	kr. 58311 93

## Skuldir:

1. Óborguð lán.		
a. Úr landssjóði.		
1. Eptirst. af láni frá <sup>10/1</sup> '85	kr. 760 97	
2. — — — — <sup>8/6</sup> '86	— 2002 39	
3. — — — — <sup>3/9</sup> '92	— 8420 24	
4. — — — — <sup>30/7</sup> '94	— 2675 02	
5. Lán án afborgunar <sup>24/11</sup> '88	— 11800 00	kr. 25658 62
b. Úr landsbankanum.		
1. Eptirst. af láni frá <sup>25/7</sup> '95	kr. 2700 00	
2. — — — — <sup>19/7</sup> '98	— 4500 00	— 7200 00
c. Úr kirkjusjóði . . . . .	— 1000 00	
d. Úr búnaðarskólafundunar Sjóðsins Suðuramtsins . . . . .	— 1000 00	
2. Aðrar skuldir . . . . .	— 2041 41	
2. Mismunur . . . . .	— 21411 90	kr. 58311 93

Í stjórnarnefnd skólans fyrir yfirstandandi skólaár og 2 hin næstu voru kosnir sjera Guðmundur Helgason í Reykholti og hjeraðslæknir Páll Blöndal í Stafholtsey, og til vara sjera Arnór Þorláksson á Hesti.

33. Þá var samin áætlun um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðsins fyrir árið 1901.

## Tekjur:

83

1. Væntanlegar eptirstöðvar við árslok 1900 . . .	kr. 1000 00	
2. Jafnaðarsjóðsgjald, þar með talið gjald samkv. 1. gr. laga 4. júní 1898 um breyting á gjöldum til amtssjóða og sýslusjóða . . . . .	— 6900 00	kr. 7900 00

## Gjöld:

1. Kostnaður við amtsráðið . . . . .	kr. 600 00	
2. Ferðakostnaður . . . . .	— 100 00	
3. Í afborgun uppí og vaxtagreiðslu af láni til Ölfusárbrúarinnar . . . . .	— 482 63	
4. Kostnaður samkv. lögum 2. okt. 1891 um skip- un dýralækna á Íslandi . . . . .	— 300 00	
5. Menntamál (kvennaskólinn í Reykjavík) . . . . .	— 100 00	
6. Gjöld til búnaðarskólans á Hvanneyri á skóla- árinu 1901—1902, samkvæmt 1. gr. laga 4. júní 1898 um breyting á gjöldum til amtssjóða og sýslusjóða . . . . .	— 840 00	
7. Tillag til búnaðarskólans á Hvanneyri fyrir skólaárið 1901—1902 . . . . .	— 4500 00	
8. Ýmisleg útgjöld . . . . .	— 400 00	
9. Eptirstöðvar . . . . .	— 577 37	kr. 7900 00

Hið eiginlega jafnaðarsjóðsgjald er 6060 kr. (6900 kr. ÷ c. 840 kr.). Með því eigi má jafna niður meiru, en 5107 kr. 91 e. samkv. 56. gr. tilsk. 4. maí 1872, um sveitastjórn á Íslandi, ályktaði amtsráðið að leita samþykkis landshöfðingja til þess að jafna niður sem gjaldi til amtssjóðs 6060 kr., sem er hið eiginlega jafnaðarsjóðsgjald.

34. Amtsráðið ályktaði að veita 20 kr. úr jafnaðarsjóði fyrir skriptir á amtsráðsfundinum.

Fleiri mál komu eigi til umræðu og var svo fundi slitið.

Suðuramtið, Reykjavík, 6. júlí 1900.

*J. Havsteen.*

## Skýrsla

84

um fund amtsráðsins í Vesturamtinu 18.—19. júlí 1900.

Árið 1900, 18. júlí, var aðalfundur amtsráðsins í Vesturamtinu settur og haldinn í Reykjavík af forseta þess, amtmani Julius Havsteen, ásamt amtsráðsmönnum Asgeiri bónda Bjarnasyni í Knararnesi (úr Mýrasýslu), sýslumanni